

Sp.

259. Fyrirspurn

[242. mál]

til landbúnaðarráðherra um greiðslur fyrir mjólkur- og sauðfjárafurðir 1985.

Frá Davíð Aðalsteinssyni.

1. Er lokið uppgjöri á mjólk og kindakjöti síðasta verðlagsárs samkvæmt samningum Stéttarsambands bænda og ríkisstjórnar frá 28. ágúst 1985
 - a. við bændur,
 - b. við afurðastöðvar?
2. Hversu mikið fé greiðir ríkissjóður vegna verðábyrgðarinnar umfram útflutningsbætur, skv. 36. gr. laga nr. 46 1985?
3. Hversu mikið fé greiðir Framleiðnisjóður í viðbótarverðábyrgð? Nær sú ábyrgð bæði til grundvallarverðs til bænda, sem og til vinnslu- og heildsölu kostnaðar
 - a. vegna mjólkur,
 - b. vegna kindakjöts?
4. Hversu miklir vextir verða greiddir af ríki og Framleiðnisjóði vegna dráttar á uppgjöri
 - a. vegna mjólkur,
 - b. vegna kindakjöts?
5. Hafa komið fram miklir annmarkar við uppgjör þetta sem hafa tafið það óeðlilega, og hverjir eru þeir?
6. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að minnka búvörubirgðir
 - a. af framleiðslu s.l. verðlagsárs,
 - b. af birgðum sem til voru 1. sept. 1985,og hvaða árangur hafa þær ráðstafanir borið?

Skriflegt svar óskast.